

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 60.000 kr. til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans.

Þriðjudagur 9. október 1979.

Nr. 5/1978.

Véltækni h/f

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Birni Stefánssyni f. h.

ófjárráða sonar hans, Þóris Björnssonar,

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

og

Björn Stefánsson f. h. Þóris Björnssonar

gegn

Véltækni h/f og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Sprengiefni. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi og stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til að greiða sér óskipt 2.254.900 krónur með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

I.

Svo sem í héraðsdómi er rakið, fékk aðaláfrýjandi á árunum 1963 og 1964 afnot af geymsluhúsi því, sem um er fjallað í málinu, og geymdi þar sprengiefni. Ekki er fram komið, hvort aðaláfrýjandi eða fyrirsvarsmenn hans höfðu aflað sér leyfis samkvæmt 149. gr. reglugerðar nr. 144/1953, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1969, eða 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936, sem þá giltu um þessi efni.

Af hálfu aðaláfrýjanda virðist ekkert hafa verið hirt um geymsluhúsið um margra ára skeið. Var þar þó geymt sprengiefni, sem hann átti. Þá virðist dyrabúnaður hússins eigi hafa verið svo öruggur sem krefjast verður, þar sem börn gátu opnað dyr án sérstakra tækja.

Við það verður að miða, að sprengiefnið í geymsluhúsinu hafi verið eign aðaláfrýjanda. Bar hann ábyrgð á vörslu þess. Umhirða fyrirsvarsmanna hans um hin hættulegu efni var óforsvaranleg, og ber aðaláfrýjandi félötaábyrgð á tjóni því, sem af því hlaut, að þau dreifðust meðal barna og unglinga. Það verður að telja sannað, að tundurkveikjur þær, sem orsökuðu slysið, séu komnar úr sprengiefnabirgðum þeim, sem hér er um fjallað.

II.

Húsið, sem aðaláfrýjandi hafði fengið til að geyma í sprengiefni, hafði verið notað til hins sama af starfsmönnum flugmálastjóra. Það var og verkstjóri hans, sem fékk starfsmönnum aðaláfrýjanda umráð hússins. Er fram komið, að það var vegna verkefnis, sem félagið hafði með höndum í grenndinni, og að verkstjórinn vissi, til hvers nota átti húsið. Á því verður að byggja, að enginn hafi, eftir að framkvæmdum á vegum aðaláfrýjanda lauk á þessu svæði, hirt um húsið og það, sem í því var. Þess er og að gæta, að húsið

var á flugvallarsvæðinu í Reykjavík, þar sem starfsmenn flugmálastjóra hafa bækistöð, húsið hafi verið í þeirra umráðum, og þeir höfðu léð það til að geyma í því sprengiefni til bráðabirgða. Þeim mátti vera ljóst, að húsið hafði um árabíl verið án umhirðu og að hugsanlegt var, að í því væri hættulegt sprengiefni í ónógri gæslu. Þá er þess og að gæta, að eftirlit var þeim auðvelt, og kostnaðarlítið var að flytja sprengiefnið í betri geymslu. Verður að telja, að starfsmönnum flugmálastjóra hafi borið að hafa eftirlit með húsinu og láta flytja á brott sprengiefnið, sem þar var eftir lok framkvæmda á vegum aðaláfrýjanda. Að þessu athuguðu verður að leggja á ríkissjóð skaðabótaábyrgð í máli þessu ásamt aðaláfrýjanda. Er ábyrgð þeirra in solidum.

III.

Af því, sem fram er komið um atvik máls þessa, verður helst ráðið, að Þórir Björnsson hafi ekki gert sér grein fyrir hættu af tundurkveikju þeirri, sem hann bar eld að með þeim afleiðingum, að hann slasaðist. Ekki verður talið, að 9 ára gamlir drengir geri sér almennt þá grein fyrir hættunni af slíkum kveikjum, að Þóri verði í þessu máli gert að bera tjón sitt að hluta.

IV.

Aðaláfrýjandi sundurliðar dómkröfur sínar svo:

1. Bætur fyrir örorku	1.804.900	krónur
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	400.000	—
3. Fyrirhöfn og útgjöld heimilis	50.000	—

Samtals 2.254.900 krónur

Um 1. Í héraðsdómi er lýst lemstrum gagnáfrýjanda Þóris Björnssonar, mati á örorku hans og reikningum tryggingastærðfræðings á tjóni hans vegna hinnar varanlegu örorku. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 26. september 1979, þar

sem hann reiknar enn með líkindatölum tjón gagnáfrýjanda vegna örorku hans. Tekur hann nú tillit til þeirra launabreytinga, sem orðið hafa, frá því að þetta var síðast reiknað. Telst honum til, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps gagnáfrýjanda nemi miðað við slysdag 2.085.600 krónum, en höfuðstólsandvirði vegna taps á iðgjaldahluta vinnuveitanda til lífeyrissjóðs nemi 85.500 krónum. Tryggingastærðfræðingurinn miðar við 7% ársvexti frá slysdegi til 15. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og síðan við 13% ársvexti.

Tjón aðaláfrýjanda vegna örorku hans þykir hæfilega metið 1.600.000 krónum.

Um 2. Með hliðsjón af meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra þykir tjón hans að þessu leyti hæfilega metið 300.000 krónur.

Um 3. Rétt er að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda 1.950.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Véltækni h/f, og stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Birni Stefánssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Þóris Björnssonar, 1.950.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar
og Loga Einarssonar.****I.**

Stefndi ríkissjóður var eigandi geymsluhúss þess, sem um er fjallað í málinu, en umráðamaður þess, flugmálastjóri, léði aðaláfrýjanda það til geymslu. Húsið var því í umráðum og umsjá aðaláfrýjanda, þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta fjallar um. Bar hann því einn ábyrgð á efnum þeim, sem þar voru geymd. Samkvæmt þessu og þar sem að öðru leyti hafa ekki verið færð fram nein þau rök, sem leiða til þess, að fella beri fébótaábyrgð vegna slyss gagnáfrýjanda á ríkissjóð, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða þessum stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 250.000 krónur.

II.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda að því er varðar fébótaskyldu aðaláfrýjanda og fjárhæðir þær, sem honum ber að greiða gagnáfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júlí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 29. júní sl., hefur Björn Stefánsson, Grænuhlíð 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu fyrir hönd ófjárráða sonar síns Þóris, til heimilis á sama stað, með stefnu, birtri 1. nóvember 1973, gegn Vélækní h/f, Auðbrekku 55, Kópavogi, og ríkissjóði vegna embættis flugmálastjóra til heimtu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.450.000 auk 7% ársvaxta frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða umkrafðar fjárhæðir.

Við munnlegan flutning málsins var bótakrafan hækkuð í kr. 2.254.000, auk þess sem þá var gerð sérstök krafa um greiðslu

á kostnaði vegna öflunar gagna í málinu, samtals kr. 47.000. Þá var vaxtakröfu breytt þannig, að krafist var 7% ársvaxta frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefnda Vélækni h/f eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að bótafjárhæð verði stórlækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs vegna embættis flugmálastjóra eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara er þess krafist, að bótafjárhæð verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi kveður málavexti vera þá í stórum dráttum, að fimmtudaginn 9. desember 1971, um kl. 1640, hafi rannsóknarlögreglunni borist tilkynning um, að tveir drengir hefðu slasast, er sprenging varð í bílskúr að Grænuhlíð 13 hér í borg. Drengir þessir hafi verið Þórir Björnsson, Grænuhlíð 13, fæddur 1. maí 1962, og Ingi E. Sigurðsson, sama stað, fæddur 26. desember s. á. Ingi E. Sigurðsson hafi tjáð rannsóknarlögreglunni, að hann hefði fundið þrjár hvellhettur á bifreiðastæði við Bogahlíð 26, er hann hafi verið á leið í skóla. Hafi hann látið dreng að nafni Birki Herbertsson fá hvellhetturnar, en hjá honum hafi Þórir fengið þær. Er heim kom úr skólanum, hafi þeir Ingi og Þórir farið inn í bílskúr stefnanda, föður Þóris. Þar hafi Þórir kveikt á eldspýtu og sett hana logandi niður í eina hvellhettuna. Hafi þeir átt von á því að sögn Inga, að rauður reykur kæmi við það úr hvellhettunni. Er ekkert hafi gerst, hafi Þórir tekið hvellhettuna, sem legið hafi á borði, en í sömu andrá hafi hún sprungið með þeim afleiðingum, að vinstri hönd drengsins hafi stórskaddast. Rannsókn á slysi þessu hafi leitt í ljós, að þrír drengir, tveir ellefu ára og einn tólf ára, hefðu brotist inn í skúr rétt hjá Bílaleigu Loftleiða h/f við Reykjavíkurflugvöll um mánuði áður en umrætt slys varð. Hafi innbrotið átt þann aðdraganda, að drengirnir hafi verið á leið út á flugvöll til að leika sér. Er þangað var komið, sáu þeir lítið hús og fóru að skoða það. Járnhurð hafi verið í dyrum hússins. Hafi einn drengjanna tekið stein og barið á lás hurðarinnar og hafi þeim þannig tekist að opna dyrnar. Þarna inni hafi þeir fundið ýmiss konar sprengiefni o. fl. og hafi þeir haft

eitthvað af því á burt með sér. Sumt hafi þeir falið í nágreinninu, en sumt hafi þeir farið með heim og ýmist geymt eða hent. Þannig hafi þeir hent dós með hvellhettum í á bílastæði við Bogahlíð 18. Við leit lögreglunnar þar daginn eftir slysið hafi fundist 21 hvellhetta þrátt fyrir slæm skilyrði til leitar, en þá hafi verið nýfallinn snjór. Lögreglan hafi þegar rannsakað nefndan skúr og hafi þar reynst vera mikið magn af sprengiefni. Skúrinn hafi verið opinn og hafi hann haft samband við Guðna Jónsson, verkstjóra flugmálastjórnar, en sú stofnun hafi átt skúrinn. Að sögn hans hafi skúr þessi í fyrstu verið notaður til geymslu á olíuvörum, en um 1952 hafi verið farið að geyma í skúrnum sprengiefni, er nota hafi átt við flugvallagerð úti á landi. Um það leyti hafi verið smíðuð fyrir skúrinn járnhurð sú, er áður getur. Sex árum fyrir slysið hafi verið hætt að geyma sprengiefni í skúrnum. Er Vélækni h/f hafi annast framkvæmdir við Fossvogsræsi, hafi fyrirtækið fengið afnot skúrsins til geymslu á sprengiefni til þeirra framkvæmda. Eftir það virðist starfsmenn flugmálastjórnarinnar ekki hafa haft afskipti af skúrnum. Stefndi kveður Pétur Jónsson, framkvæmdastjóra Vélækni h/f, hafa skýrt svo frá, að hann hafi vegna Vélækni h/f fengið umráð nefnds skúrs 1963 eða 1964 til geymslu á sprengiefni. Hafi þá ekkert verið í skúrnum, hvorki sprengiefni né annað. Hafi hann látið flytja í skúrinn dynamit og hvellhettur úr sprengiefnageymslu við Rjúpnahæð. Ekki hafi Pétur vitað um magn það, er í skúrnum hafi verið geymt. Á vegum Vélækni h/f virðist ekki hafa verið komið í skúrinn frá 1965. Og hafi Pétur ekki vitað, hve mikið magn af sprengiefni þá hafi verið eftir í skúrnum. Hann hafi heldur ekki vitað, hver geymdi lykil að skúrnum. Hinn 1. desember, tveimur dögum eftir slysið, hafi að tilhlutan lögreglunnar allt sprengiefni verið tekið úr nefndum skúr og flutt á vörubifreið flugmálastjórnar í sérstaka sprengiefnageymslu við Baldurshaga. Áður hafi verið teknar ljósmyndir af birgðum þeim, er úr nefndum skúr hafi verið fluttar, og nákvæm talning gerð á þeim. Meiðsli Þóris Björnssonar af völdum slyssins hafi verið, eins og áður greinir, á vinstri hendi. Tekið hafi framan af fjórum fingrum. Varanleg örorka hans vegna þessara meiðslna hafi verið metin á 12%. Sé örorkumatið framkvæmt af Ólafi Jónssyni lækni 17. maí 1973. Bjarni Þórðarson, cand. act., hafi reiknað út örorkutjón drengsins á grundvelli örorkumatsins. Vélækni h/f hafi synjað fyrir fébótaábyrgð á slysinu. Sé því málssókn óhjákvæmileg. Rétt hafi þótt að beina

kröfum í máli þessu jafnframt að ríkissjóði vegna embættis flugmálastjóra, sem stefnandi kveðst telja, að einnig beri fébóta-ábyrgð gagnvart sér.

Lögreglurannsókn hefur farið fram í máli þessu, og liggur endurrit hennar frammi í því. Jón N. Gunnarsson lögreglumaður, sem hóf rannsókn út af slysi þessu samdægurs og það átti sér stað, greinir svo frá, að þegar hann hafi komið á staðinn, hafi verið búið að flytja drengina á slysavarðstofuna, þá Þóri Björnsson, fæddan 1. maí 1962, Grænuhlíð 13, og Inga Eldjárn Sigurðsson, fæddan 26. desember 1962, til heimilis að Grænuhlíð 13 einnig. Þegar bílskúrhurðin hafi verið opnuð, hafi verið blóðferill á gólfinu frá borði, sem sé innst í skúrnum, og út á stéttina. Ekki hafi verið hægt að sjá nein merki um bruna né annað þarna, en á borðinu hafi verið dós undan olíu og hafi hún virst hafa lent í eldi, því hún hafi verið sviðin að utan. Einnig hafi þarna verið aðrar dósir og hafi verið för á þeim eftir loftriflaskot. Í kjallara-tröppum, þar sem sorptunnur séu geymdar, hafi verið mikið af brunnum eldspýtum og lok af pappakassa, sem hafi verið brunnið. Jón N. Gunnarsson kveðst hafa haft samband við slysavarðstofuna og hafi sér verið tjáð, að Þórir væri mikið skaddaður á vinstri hendi, en Ingi fengi að fara heim, en hann hefði fengið flisar í vinstri hönd og sár á kinnina. Þegar Ingi kom heim, kveðst Jón hafa haft tal af honum og hafi Ingi sagt sér, að þennan dag hefði hann fundið þrjár hvellhettur á bifreiðastæði við Bogahlíð 26, þegar hann hafi verið á leið í skólann. Ingi hafi sagst hafa látið strák, sem heitir Birkir Herbertsson, Stigahlíð 42, hafa hvellhetturnar og trúlega hafi svo Þórir fengið þær hjá honum. En þá hafi Ingi sagt, að þeir hefðu verið að leika sér í bílskúrnum og hafi Þórir verið með eina hvellhettu og sett hana á borðið og síðan kveikt á eldspýtu og borið að hvellhettunni. Ekkert hafi gerst og hafi Þórir þá tekið hvellhettuna og í því hafi hún sprungið í hendi hans. Lögreglumaðurinn kveðst einnig hafa haft tal af föður Þóris, sem hafi verið nýkominn af slysavarðstofunni, og hafi hann sagt Þóri vera undir læknishendi og yrði gerð aðgerð á hendinni á honum. Lögreglumaðurinn kveður Björn hafa látið sig fá tvær hvellhettur, sem hann hafi sagst hafa tekið úr vösum á fötum Þóris á slysavarðstofunni. Næsta dag kveðst lögreglumaðurinn hafa farið ásamt Sævari Gunnarssyni lögreglumanni að Bogahlíð 26 og við leit, sem þeir hafi gert á bifreiðastæðinu fyrir framan hús nr. 24 og 26, hafi þeir fundið 21 stykki af hvellhettum, en mjög slæmt hafi verið að leita þarna, vegna

Þess að nýfallinn snjór hafi verið á bifreiðastæðinu. Hinn 11. desember 1971 kveðst framangreindur lögreglumaður hafa farið að Grænuhlíð 13 og talað við Bjarna Sigurðsson, sem sé fæddur 18. júní 1961. Bjarni hafi sagt sér, að strákar hafi verið með hvellhettur í húsi, sem sé neðan við gamla Bústaðavegin. Lögreglumaðurinn kveðst hafa farið með Bjarna að þessu húsi og við leit í kringum það hafi hann fundið þrjár hvellhettur sams konar og fundust í Bogahlíðinni. Þetta hús standi sunnan við Bústaðavegin og séu mörg börn oft að leik þarna og hafi verið að sjá inni, að eldur hafi verið kveiktur þar á gólfinu. Lögreglumaðurinn kveður ekki vitað, hver eigi þetta hús né hver hafi umsjón með því. Eftir þetta kveðst lögreglumaðurinn hafa farið aftur niður í Stigahlíð og þar hafi verið þrír drengir á gangi. Hann kveðst hafa talað við þá og hafi þeir sagst heita Þórir Ríkharðsson, Drápuhlíð 33, Sigfús Finnbogason, sem dveljist að Drápuhlíð 33, Einar Valsson, Grænuhlíð 18, og einnig hafi komið þarna piltur, Hinrik Stefánsson, Drápuhlíð 8. Í samtali við þessa drengi segir lögreglumaðurinn, að komið hafi í ljós, að hvellhetturnar, sem hér um ræðir, hefðu þrír drengir stolið, þegar þeir hafi brotist inn í skúr, sem sé við Reykjavíkurflogvöll. Þessir drengir, sem brutust þarna inn, séu Hinrik Stefánsson, fæddur 8. janúar 1960, Drápuhlíð 8, Jóhannes Karlsson, fæddur 25. febrúar 1961, Bogahlíð 18, og Bjarni Sigurðsson, fæddur 18. júní 1961, Grænuhlíð 13. Lögreglumaðurinn kveður drengina hafa vísað sér á, hvar þessi skúr væri, og sé hann rétt norðan við bifreiðaleigu Loftleiða við Flugvallarvegin. Fyrir skúrnum sé járnhurð og hafi hún verið opin, þegar hann kom þar að. Hurðin sé læst með smekklás, sem falli í þar til gerða læsingu innan á hurðinni, en járnteinn gangi upp úr og niður úr hurðinni að innanverðu og falli innan á dyrakarminn. Lögreglumaðurinn segir, að þegar hann leit inn í skúrinn, hafi hann séð mikið magn þar af dynamiti og hvellhettum. Drengirnir hafi sagt sér, að þeir hafi brotið hurðina upp með því að slá á húninn með steini og hafi þá verið hægt að opna hana. Ekki hafi þeir vitað, hve langt var síðan þetta var sem þeir gerðu þetta, og ekki vissu þeir, hversu mikið þeir hefðu tekið af hvellhettum. Þegar hér var komið, kveðst lögreglumaðurinn hafa haft samband við Pál Eiríksson, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni, og beðið hann að senda menn á staðinn til að gæta þess, að ekki yrði farið inn í skúrinn. Einnig hafi hann beðið Sævar Þ. Jóhannesson hjá tækni-

deild rannsóknarlögreglunnar um að koma og taka myndir. Þá kveður lögreglumaðurinn hafa verið haft samband við Guðna Jónsson, Kársnesbraut 66, en hann sé verkstjóri hjá flugmálastjórn, en þessi skúr muni vera á þeirra vegum. Guðni hafi komið á staðinn og hafi hann tjáð sér, að hann hefði leyft Veltækni að geyma þarna sprengiefni, og kvaðst hann ekki hafa haft neinn aðgang að þessu, og ekki kveðst hann hafa vitað, hvað verið hafi í skúrnum. Fengin hafi verið bifreið frá flugmálastjórn til að flytja sprengiefnið í geymslu, sem sé norðan við Rauðhólana, og hafi lögreglumenn fylgt bifreiðinni þangað. Þá segir áðurgreindur lögreglumaður, að Hinrik Stefánsson hafi vísað sér á stað vestan við Valsvöllinn, í limgerði, sem þar sé, en hann hefði falið þar tvo hjálma og dynamit, sem hann hefði tekið úr skúrnum. Þetta hafi verið 32 túbur af dynamiti, tveir hjálmar úr járn og 25 pakkar af plastdynamiti. Þann 13. desember 1971 kveðst nafngreindur lögreglumaður hafa farið að Bogahlíð 18 og haft þar tal af Magnúsi Guðmundssyni, fæddum 6. desember 1959, en sér hafi verið tjáð, að hann hefði hvellhettu undir höndum. Þegar hann hafi talað við Magnús, hafi hann viðurkennt, að hann hefði verið með eina dós af hvellhettum, en ekki vissi hann, hvað mikið hafi verið í dósini. Magnús hefði sagt, að hann hefði látið bróður sinn hafa dósina, en hann heiti Guðjón og sé 16 ára, en væri í skóla þann dag. Lögreglumaðurinn kveðst hafa farið í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og haft þar tal af Guðjóni og hafi hann sagt það rétt, að hann hefði undir höndum 25 stk. af hvellhettum, og hafi Guðjón fylgt sér heim til sín og afhent honum hvellhetturnar, sem hafi verið í dós, sem á sé letrað: Detonators safety fuze No. 80 n/k Lot: UKN, Maker: UKN, Dates UKN, Pkd. CRB. S: 46. Lögreglumaðurinn segir, að Magnús hafi sagt sér, að hann hefði fengið þessa dós hjá strákum, sem hafi verið með heilan kassa af þessu, en hafi ekki gefið neina frekari skýringu á, hverjir þessir strákar væru. Þennan sama dag sagðist lögreglumaðurinn hafa farið ásamt Hilmi Ásgrímssyni lögregluþjóni og Gunnari Ólafssyni bruna-verði upp í Öskjuhlíð. Tilgangur ferðarinnar hafi verið að leita í gömlum skotbyrgjum, sem þarna séu, ef vera kynni, að börn hefðu falið eitthvað á þessum stöðum. Lögreglumaðurinn kveður þá ekki hafa fundið neitt þarna í þessum skotbyrgjum. Hinn 14. desember 1971 kveðst Jón M. Gunnarsson lögreglumaður hafa farið ásamt Sævari Gunnarssyni lögreglumanni í sprengiefna-

geymsluna, sem Loftorka hafi norðan við Rauðhóla. Einnig hafi komið þarna á staðinn Sævar Björnsson, starfsmaður hjá Loftorku. Við talningu, sem þeir hafi gert á því, sem tekið hafi verið í skúrnum við Reykjavíkflugvöll þann 11. desember, hafi komið eftirfarandi í ljós:

1. Einn og hálfur kassi af Plaster-Gelatine.
2. Fjórir kassar af Primers. C. E. Demolition Mark 3 lot. 19 Filler BR Date 4/44 Packed CRB date 4/44. Repkd CRB. 1:7:47.
3. Group X 10 Detonators no. 27 Mark 1 2:44. samtals 300 stykki.
4. 14 kassar af 20 Blocks T.N.T. 1¼ L.B. Demolition Mark 1. Lot. 165 Maker H. D. Date 12—43 Packed Cok Date 9—47 og einnig hafi þarna verið 7 stykki laus í öðrum kassa.
5. 5 dósir af 48 feet of safety fuze no. 11 Mark 11 to burn 90+20 seconds per yard. Made 4—44 Packed 6—44.
6. 1 dós af 96 feet of safety fuze no. 11 Mark 11 to burn 90+20 seconds per yard. Made 4—44 Packed 6—44.

Guðni Jónsson, verkstjóri hjá flugmálastjóra, hefur gefið svo-fellda skýrslu í máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni: „Ég hef haft með þennan skúr að gera, síðan ég tók til starfa þarna 1947, og var skúrinn þá notaður til geymslu á olíuvörum. Það hefur svo verið um 1952 sem farið var að nota skúrinn til að geyma í dynamit, sem nota átti úti á landi við flugvallagerð og einnig þegar geyma átti dynamit, sem af gekk og ekki var farið með í geymslur Reykjavíkurborgar við Rjúpnahæð. Rétt um þetta leyti sem farið var að geyma þarna dynamit, lét ég smíða járnhurð þá, sem enn er fyrir skúrnum, og var það gert í Hamri. Hurðin var gerð sérstaklega með það fyrir augum að nota fyrir hús, þar sem dynamit væri geymt. Þegar hurðin var komin fyrir, fékk ég lögreglumenn til að líta á þetta, og minnir mig, að Sigurður Þorsteinsson, nú aðstoðaryfirlögregluþjónn, hafi komið. Þeir samþykktu það fyrir sitt leyti, að geyma mætti dynamit þarna. Ég var með lykilinn að skúrnum, og var hann geymdur á lagernum hjá okkur. Síðan notuðum við skúrinn til geymslu á dynamiti, þar til fyrir sex árum síðan, að við hættum að nota skúrinn, og þá var ekkert eftir af dynamiti. Svo var það, þegar Vélteki vann við svokallað Fossvogsræsi fyrir Reykjavíkurborg, að Pétur Jónsson, forstjóri Vélteki, kom til mín og bað um að fá afnot af skúrnum til að geyma dynamit vegna þessara framkvæmda, sem ég nefndi hér að framan. Pét-

ur fékk lykil af skúrnum, og síðan hef ég ekki haft neitt með skúrinn að gera, og ekkert hefur verið geymt þarna á okkar vegum. Meira get ég ekki sagt um þetta.“

Þessa skýrslu gaf Guðni Jónsson hinn 16. desember 1971. Hinn 28. desember 1971 gaf Ingi Eldjárn Sigurðsson, sem áður getur, eftirfarandi skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni: „Þennan dag, sem Þórir meiddi sig, fann ég þrjár hvellhettur á bílastæði við Bogahlíð 26, þegar ég var á leið í skólann. Ég fór í skólann um kl. 13.00, og í frímínútum skipti ég á þessum hvellhettum og blýanti við strák, sem heitir Birkir Herbertsson, Stigahlíð 42. Þegar ég fór heim úr skólanum, var með mér Þórir Björnsson, sem á heima í sama húsi og ég, og fórum við beint inn í bílskúr hjá honum, og þar tók hann upp úr vasa sínum hvellhettu og setti hana á borðið í skúrnum. Ég settist á bíldekk, sem eru í skúrnum, en Þórir kveikti á eldspýtu og setti ofan í hvellhettuna. Við höldum, að það mundi koma rauður reykur upp úr hvellhettunni, en þegar ekkert gerðist, þá tók Þórir hvellhettuna, en í því sprakk hún. Ég fékk hellu fyrir eyrun og varð hræddur og hljóp inn til mín, en Stefán bróðir Þóris kom og fór með hann út að hliðinu, og rétt á eftir kom sjúkrabíllinn, og fórum við Þórir með honum á Slysavarðstofuna.

Ég vissi ekki, hvað Þórir fékk margar hvellhettur hjá Birki.“

Hinn sama dag og að framan getur gaf Bjarni Sigurðsson, fæddur 18. júní 1961, svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni:

„Ég man ekki, hvenær það var sem ég fór með þeim Jóhannesi Karlssyni og Hinrik Stefánssyni, og ætluðum við að fara út á flugvöll að leika okkur. Þegar við vorum rétt komnir út á völl, sáuð við lítið hús, og fórum við að skoða það. Það var járnhurð fyrir, og tók ég stein og barði á lásinn með honum, en síðan sló Hinrik á lásinn og líka á húninn, og þá var hægt að opna. Hinrik fór inn í húsið og lét okkur hafa ílangar túpur, og vissum við þá, að þetta var dynamit.

Við tókum þarna tvo hjálma og marga pakka af svörtu plasti og fjóra poka af dynamit-túpum. Þetta földum við í runna við Valsvöllinn, en við tókum einn trékassa og fórum með hann heim til Jóhannesar, og strákur, sem á heima í sama húsi, sagði okkur, að þetta væri hvellhettur. Síðan fór ég heim, og var ég ekki með strákunum í nokkra daga, vegna þess að ég var veikur, en mér var sagt, að þeir hefðu farið með kassann og dynamit heim til Baldurs Baldurssonar og látið þetta í geymsluna hjá

honum. Ég vissi svo ekki, hvað varð um þetta, fyrr en Þórir meiddi sig á hendinni.“

Hinn 29. des. 1971 gaf Pétur Jónsson, fæddur 11. september 1918, svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni:

„Það er rétt, að geymt var sprengiefni í þessum skúr á Reykjavíkurflugvelli, og var það á vegum fyrirtækis míns, Véltekni h.f.

Það hefur verið um 1963 eða 1964, þegar við unnum við Fossvogsræsið svokallað fyrir Reykjavíkurborg, að ég fékk leyfi hjá Guðna Jónssyni, verkstjóra hjá flugmálastjóra, til að geyma þarna sprengiefni. Þegar ég tók við skúrnum, var ekkert sprengiefni né annað í skúrnum, og lét ég flytja í hann dynamit og hvellhettur úr geymslu, sem ég hafði uppi við Rjúpnahæð. Ekki veit ég, hversu mikið magn var sett í skúrinn, en verkstjóri hjá mér, Haukur Guðjónsson, sem nú dvelur í Alsír við vinnu, mun vita um það.

Stundum kom það fyrir, að flutt var í skúrinn beint úr skipi og einnig úr geymslunum við Rjúpnahæð. Við höfum ekki notað skúrinn síðan árið 1965, og veit ég ekki, hversu mikið var þá eftir í skúrnum. Véltekni flutti sjálft inn þetta sprengiefni frá Englandi, en ég man ekki, frá hvaða fyrirtæki það var.

Svörtu pakkarnir voru notaðir til að sprengja staka steina, og voru þeir þá látnir ofan á steinana, og sprakk þetta þá að fastahlutum. Þessum stóru T.N.T. sprengjum man ég ekki eftir, en þó þori ég ekki að fullyrða, að þær hafi ekki verið á okkar vegum.

Við fluttum einnig inn sprengiefni fyrir önnur fyrirtæki, svo sem vitamál og fleiri. Ég veit ekki, hver hefur verið með lykilinn að skúrnum, og ég tel ekki líkur til, að farið hafi verið í skúrinn á okkar vegum síðan við unnum við ræsið.“

Hinrik Stefánsson, fæddur 8. ágúst 1960, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Það var fyrir um mánuði síðan, að ég fór með Bjarna og Jóhannesi út á Flugvöll, og ætluðum við að leika okkur. Þegar við vorum á leiðinni, fórum við að skúr þarna við veginn. Við Bjarni börðum í hurðina með steini, og þá opnaðist hún. Þar inni fundum við hjálma og dynamit og hvellhettur. Sumt af þessu földum við í runna við Valsvöllinn, og einn kassa og plastpoka fórum við með heim til Jóhannesar. Heima hjá Jóhannesi opnuðum við kassann, og voru í honum tvær dósir af hvellhettum, og fékk Magnús, sem á heima í sama húsi og Jóhannes, aðra dósina, en hinni var hent á bifreiðastæðið við Bogahlíð 26. Dynamitinu var líka hent, en ég vissi ekki, hvar því var hent.“

Jóhannes Karlsson, fæddur 25. febrúar 1961, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Það var fyrir um einum mánuði síðan, að ég var með þeim Bjarna og Hinrik. Við fórum út á Flugvöll, en á leiðinni brutumst við inn í skúr, sem er rétt hjá Bílaleigunni. Þeir Bjarni og Hinrik börðu á hurðina, en ég var uppi á skúrnum, þegar þeir opnuðu hurðina. Við fórum inn í skúrinn, og þar fundum við hvellhettur og dynamit, og tókum við tvo hjálma og nokkuð af þessu. Við földum hjálmana og dynamit við girðingu hjá Valsvellingum, en einn trékassa og plastpoka fórum við með heim til mín. Við opnuðum kassann heima hjá mér fyrir utan húsið, og í kassanum voru tvær dósir með hvellhettum, og fékk Magnús eina dósina, en hinni var hent á bifreiðastæði við Bogahlíð 26. Dynamitinu var líka hent, en ég veit ekki, hvar það var, en þetta var mjótt og langt í gulum pappír.“

Þórir Björnsson, fæddur 1. maí 1962, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Þann 9. des. s.l., þegar ég var á leið heim úr skólanum, voru mér samferða Birkir Herbertsson og Ingi Sigurðsson. Birkir lét mig þá hafa þrjú hylki, og vissi ég ekki, hvað þetta var. Birkir hafði fengið þetta hjá Inga í skólanum. Þegar ég kom heim, fórum við Ingi inn í bílskúr heima, og þá sýndi ég bróður mínum Stefáni þetta, og vissi hann ekki, hvað þetta var. Við Ingi fórum að borði í skúrnum, og þar kveikti ég í eldspýtu og setti hana logandi niður í hylkið. Þegar ég var búinn að setja eldspýtuna niður í, þá varð sprenging, og ég fann, að ég dofnaði í hendinni. Það blæddi lítið úr hendinni á mér, en þá kom Stefán bróðir minn og hélt í höndina á mér, en strákur í næsta húsi hringdi á sjúkrabíl. Ingi fór einnig að gráta og fór inn til sín, en Stefán náði í hann, og fór hann líka með á Slysavarðstofuna.

Ég var fyrst á Borgarspítalanum og síðan var ég á Landakoti, og fékk ég að fara heim þann 17. des. s.l.“

Stefán Jóhann Björnsson, fæddur 10. nóvember 1957, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Þann 9. des. s.l. var ég úti í bílskúrnum heima hjá mér, þegar Þórir bróðir minn kom heim úr skólanum. Með honum kom inn í skúrinn Ingi, sem á heima í kjallaranum heima. Þórir sýndi mér hylki, sem ég vissi ekki, hvað var. Ég var að gera við hnakkinn á reiðhjólinu mínu, og vissi ég ekki, hvað Þórir og Ingi voru að gera. Allt í einu heyrði ég hvell, og þegar ég leit við, sá ég, að Þórir var meiddur á vinstri hendi, og Ingi var einnig meidd-

ur. Ég tók í höndina á Þóri, en í því kom þarna strákur í næsta húsi, og fór hann inn til mín og hringdi á sjúkrabíl. Ég náði líka í Inga, sem þá var kominn inn til sín, og fór hann líka með á Slysavarðstofuna.

Ég vissi ekki fyrr en á eftir, hvað þeir voru að gera, Þórir og Ingi, en ég fékk hellu fyrir annað eyrað, því það var svo mikill hávaði af sprengingunni.“

Magnús Rafn Guðmundsson, fæddur 6. desember 1959, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Það var þann 6. des. s.l., að Jóhannes og tveir strákar aðrir komu heim til mín um kl. 18.00. Ég man þetta vel, því ég átti afmæli þennan dag. Jóhannes var með lítinn trékassa, og í kassanum voru tvær dósir. Þegar dósirnar voru opnaðar, sá ég, að þetta mundi vera hvellhettur, en ég þekki það vel, því ég hef verið með föður mínum stundum, en hann vinnur við sprengingar. Ég sagði strákunum, að þetta væri hættulegt, og tók ég eina dósina og fór með inn til mín, en ég vissi ekki, hvað varð um hina dósina. Síðan lét ég bróður minn Guðjón, sem er 16 ára, hafa dósina, og lét hann lögregluna hafa dósina aftur. Ég veit ekki neitt um þetta innbrot fyrr en á eftir, að Jóhannes sagði mér frá því.“

Birkir Herbertsson, fæddur 25. nóvember 1962, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Þegar ég var í skólanum fyrir jólin, fékk ég lítil rör hjá Inga, sem á heima í Grænuhlíð 13. Ég lét Inga hafa blýant í skiptum.

Þegar ég var svo á leið heim úr skólanum, þá bað Þórir mig að láta sig hafa þetta, og gerði ég það. Ekki vissi ég, hvað þetta var, en Ingi var búinn að segja mér, að hann hefði reynt að setja eldspýtu inn í þetta rör, og hann sagðist hafa fundið það á götunni hjá einhverri búð. Eftir að ég kom úr skólanum, fór ég niður í búð til mömmu, og um kvöldið kom svo faðir Inga heim, og þá vissi ég, hvað hafði gerst.“

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að umrætt sprengiefni hafi verið mjög vangeymt, þar sem það var látið liggja árum saman í lélegum skúr við alfaraleið án gæslu og eftirlits. Mjög mikil hætta hafi verið þessari vangeymslu samfara með tilliti til barna, sem vitað sé, að mjög sæki á þessar slóðir, og engin von sé til, að geti gert sér grein fyrir hættueiginleikum slíks efnis, svo sem mjög áþreifanlega komi fram í þessu máli.

Umræddur skúr sé rétt utan þéttbýlis, á svæði, þar sem mikil

mannaferð sé. Lengi muni börn hafa sótt á þetta svæði, m. a. vegna leifa, sem þar sé að finna frá árum seinni heimsstyrjaldarinnar, svo sem niðurgrafinna byrgja o. fl. Þetta svæði sé við rætur Öskjuhlíðar, sem sé útivistarsvæði Reykvíkinga. Og um svæðið liggi vegur, m. a. að Nauthólsvík, þar sem fram fari umfangsmikið tómstundastarf fyrir börn og unglinga á vegum Reykjavíkurborgar. Á þessum slóðum sé því ávallt töluverð umferð barna og unglinga.

Það sé alkunna, að mannvirki, þar sem aldrei sést mannaferð og enginn virðist því nýta eða hirða um, vekir forvitni og hafi sérstakt aðdráttarafl fyrir börn. Eindregið megi ætla, að svo hafi verið um þennan skúr. Árum saman hafi enginn átt erindi í skúr þennan eða hirt um hann á nokkurn hátt. Hagvön börn séu fljót að skynja slíkt og sé þá yfirleitt ekki að sökum að spyrja. Það sé gjarnan brotið og bramlað og greipar látnar sópa um allt lauslegt innan veggja. Sú hafi einnig orðið raunin hér, að brotist hafi verið inn og verðmætum stolið. Þetta hafi forráða- og umsjónarmenn skúrsins mátt sjá fyrir.

Það hafi ekki aðeins verið, að hið hættulega sprengiefni hafi verið látið liggja í óhirðu án eftirlits og gæslu í yfirgefnum skúr við alfaraleið, þar sem oft séu börn á ferð og í leik (sic). Því hafi farið fjarri, að dyraumbúnaður skúrsins, sem hýsti hið hættulega efni, væri nægilega rammger. Því til nærgrar sönnunar sé sú staðreynd, að 11 ára gamall drengur gat hæglega brotið sér leið inn í skúrinn með því að lemja með steini á hún eða læsingarbúnað hurðarinnar. Hér skipti ekki máli, þótt hurðin fyrir skúrnum kunni að hafa verið vönduð smíð í upphafi. Það, sem sé í stöðugri vanhirðu, þurfi yfirleitt ekki 20 ár til að bila eða ónýtast, en fram komi í rannsókninni, að hurðin fyrir skúrnum hafi verið smíðuð 1952.

Viðbrögð lögreglu eftir slysið staðfesti rækilega það, sem hér hafi verið haldið fram. Undinn hafi verið að því bráður bugur að flytja allt sprengiefnið úr skúrnum í rammgera sprengiefnageymslu utan borgarinnar. Í þeim viðbrögðum felist í reynd viðurkenning þess, að umrætt sprengiefni hafi verið haft á glámbekk.

Framangreindar málsástæður og rök kveður stefnandi beinast að báðum stefndu:

Að Véltaekni h/f fyrir þá sök, að félagið hafi haft afnot skúrsins, átti sprengiefnið, flutti það þangað og látið það liggja í hirðuleysi.

Að embætti flugmálastjóra fyrir þá sök, að embættið hafi átt skúrinn eða hafði a. m. k. þau umráð hans, er jafngildi eignarhaldi í þessu tilliti, að embættið hafi vitað um notkun meðstefnda á skúrnum og vitað eða mátti vita um hið grófa hirðuleysi, sem hér hafi verið látið viðgangast. Sé og skúrinn á yfirráðasvæði þessa stefnda og blasi daglega við starfsmönnum hans. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé stefnt til aðildar í málinu vegna þessarar ríkisstofnunar.

Um meðsök drengsins Þóris Björnssonar sé hér ekki að ræða. Hann hafi engan hlut átt að innbroti í umræddan skúr og töku sprengiefnisins. Það hafi borist honum í hendur af allt öðrum vettvangi og fyrir tilviljun og þess hafi engin von verið, að hann, 9 ára gamall, gæti gert sér grein fyrir hættueiginleikum þeirra hluta, sem bærust honum þannig í hendur. Drengurinn eigi því að fá tjón sitt af völdum slyssins fullbætt úr hendi stefndu.

Stefndi Véltækni h/f reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei haft full umráð yfir skúr þeim, sem hér um ræðir, en hins vegar fengið leyfi til að geyma sprengiefni þar öðru hverju, á meðan á tilteknu verki stóð. Verki þessu hafi lokið árið 1965 og hafi skúrinn ekki verið notaður af stefnda síðan og ósannað sé, að sprengiefni það, sem slysinu olli, stafi frá stefnda. Stefndi hafi verið í góðri trú, að umræddur skúr væri lögmæt sprengiefnageymsla, enda tjáð af starfsmönnum flugmálastjórnar, að geymslan væri samþykkt sem fullnægjandi geymslustaður fyrir sprengiefni af þar til bærum yfirvöldum. Þess beri að gæta, að allan tímann hafi skylda til að halda geymslunni við og hafa eftirlit með henni hvílt á flugmálastjórn. Stefndi Véltækni h/f hafi einungis haft takmörkuð afnot af skúrnum í takmarkaðan tíma og hafi því enga heimild haft til að gera breytingar á honum, enda hafi hann alltaf verið í umráðum flugmálastjórnar. Ef um vangeymslu á sprengiefni hafi verið að ræða, sé það því sök flugmálastjórnar. Flugmálastjórn muni hafa átt eitthvað af sprengiefni í umræddum skúr, þegar innbrotið átti sér stað, að minnsta kosti hafi verið þar sprengiefni, sem stefndi Véltækni h/f telji sig ekki hafa flutt þangað eða átt. Þeir, sem brotist hafi inn í geymsluna, hafi verið 10 og 11 ára gamlir drengir, sem að eigin sögn hafi brotið upp lás, sem verið hafi fyrir dyrum skúrsins. Þeir hafi vitað, að um sprengiefni eða annað hættulegt efni var að ræða, og hent því síðan á almannafæri og geti stefndi Véltækni h/f að sjálfsögðu ekki borið ábyrgð á því atferli. Telja verði, að eigin sök Þóris Björnssonar leiði a. m. k. til sakar-

skiptingar. Hann hafi verið 9½ árs, þegar slysið átti sér stað, og hefði átt að gera sér grein fyrir því, að hlutur sá, sem hann hafði undir höndum, gat verið hættulegur og óvarlegt væri að bera opinn eld að honum.

Stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra reisir sýknukröfu sína á því, að starfsmenn flugmálastjórnar hafi fengið Vélækni h/f öll umráð sprengiefnageymslunnar og umsjón hennar. Hafi sprengiefnið verið geymt þar á vegum Vélækni h/f og hafi því fyrirtæki því borið að sjá um, að forsvaranlega væri gengið frá því sprengiefni, sem verið hafi í eigu þess. Eftir almennum reglum skaðabótaréttarins hvíli ábyrgð á tjóni, sem hljótist af völdum hættulegra efna, á þeim, sem eigi þau eða hafi forræði þeirra, sé á annað borð um bótaskyld tjón að ræða. Þar sem umrætt sprengiefni hafi á engan hátt verið á vegum flugmálastjórnar, ætti þessi málsástæða að nægja til sýknu stefnda. Jafnvel þó að talið yrði, að stefnda ríkissjóði vegna embættis flugmálastjóra hefði borið að gæta þess, að byrgið væri nægilega rammgert, þá telji stefndi sig hafa fullnægt þeirri skyldu sinni fullkomlega. Sprengiefnageymsla sú, sem hér um ræði, hafi verið mjög rammgert steinbyrgi og fyrir henni þung og þykk járnhurð. Hafi hurðin verið sérstaklega smíðuð í vél-smíðju í þeim tilgangi að setja hana fyrir sprengiefnageymslu. Hafi henni verið læst með öflugum smekklás og járnteinar gengið bæði upp og niður úr hurðinni innanverðri, er fallið hafi innan á dyrakarminn. Þegar smíði hurðarinnar hafi verið lokið, hafi verið aflað sérstaks samþykkis lögreglunnar til að geyma sprengiefni í byrginu. Þegar litið sé til gerðar byrgisins og viðurkenningar lögreglunnar, sé augljóst, að starfsmönnum flugmálastjórnar verði ekki metið það til gáleysis að fá stefnda Vélækni h/f umráð byrgisins til geymslu á sprengiefni, enda sé með öllu ósannað, að hurð eða læsingarbúnaður byrgisins hafi verið í vanhírðu, eins og stefnandi gefi í skyn. Sú staðreynd, að innbrotið hafi tekist, sé engin sönnun fyrir því, að hurðin hafi ekki verið nógu rammger. Í skýrslum Hinriks Stefánssonar og Bjarna Sigurðssonar komi fram, að lásinn á byrginu hafi ekki látið undan, fyrr en tveir drengir höfðu skipst á um að berja á honum með grjóti. Það sé alkunna, að drengir á þessum aldri séu ótrúlega lagnir að komast á staði, sem þeim séu bannaðir, og standi þá fátt fyrir þeim. Og flutningur lögreglunnar á sprengiefninu úr geymslunni eftir slysið hafi ekki stafað af því, að hún hafi ekki verið nógu rammger, heldur af því, að læsingarbúnaður hennar

hafði verið eyðilagður. Hvað eftirlitsskyldu stefnda flugmálastjórnar varði með sprengiefnageymslunni, þá hafi ekki verið um slíka skyldu að ræða, eftir að stefnda Vél-tækni h/f hafi verið fengin umráð hennar. Hinn rammgeri búnaður hennar hafi gert daglegt eftirlit óþarft, enda sé vandséð, að slíkt eftirlit hefði komið í veg fyrir innbrotið. Og þótt byrgið væri eigi fjarri athafnasvæði stefnda flugmálastjórnar, hafi starfsmenn hans enga möguleika haft á því að fylgjast með, hvort stefndi Vél-tækni h/f hafi átt erindi í það, né heldur því, hvað fyrirtækið geymdi í því, enda hafi lyklavöld að byrginu verið í höndum þess.

Til vara kveðst stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra reisa sýknukröfu sína á því, að Þórir Björnsson hafi sjálfur átt alla sök á slysinu. Hann hafi verið níu ára, þegar slysið hafi átt sér stað, og verði að telja, að drengur á hans aldri ætti að hafa þekkingu á hættu þeirri, sem því sé samfara að fara með sprengiefni. Að vísu komi fram í skýrslu Þóris, að hann hafi ekki vitað, að hér væri um sprengiefni að ræða. Þetta hefði honum þó mátt vera ljóst og einhvern grun muni hann hafa haft um það, eins og meðferð hans á hvellhettunni sýni.

Í lögum nr. 55/1969, 24. gr., segir, að í reglugerð skuli kveða á um meðferð, flutning og varðveislu sprengiefnis.

Í brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík nr. 144/1953, XIX. kafla, segir, að slökkviliðsstjóri ákveði, hvar birgðageymslur sprengiefna megja vera, og sé umbúnaður þeirra háður fyrir-mælum hans og skuli hann hafa eftirlit með umgengni í geymsl-um þessum, sbr. 148. gr. Í 149. gr. segir, að enginn megja hafa undir höndum né versla með sprengiefni, nema hann hafi fengið til þess leyfi brunamálastjórnarinnar og að slökkviliðsstjóri ákveði, hve miklar birgðir megja vera fyrir hendi á sólustað á hverjum tíma og hvernig geymslu þeirra skuli hagað. Í 150. gr. segir, að dynamit og önnur sprengiefni, sem notuð séu daglega innanbæjar, skuli eingöngu vera í vörslum verkstjóra, sem beri persónulega ábyrgð á geymslu þeirra og meðferð, og megja mesta magn slíkra sprengiefna vera allt að 5 kg auk nauðsynlegra hvellhettna o. s. frv.

Ekki liggur ljóst fyrir í málinu, að fengið hafi verið leyfi viðkomandi yfirvalda samkvæmt framanrituðu til þess, að geyma mætti sprengiefni í umræddum skúr. Eins og áður er fram komið í skýrslu Guðna Jónssonar, verkstjóra hjá flugmálastjóra, á dómsskj. nr. 3, segir hann, að það hafi verið um 1952 sem farið

hafi verið að geyma dynamit í skúrnum á vegum flugmálastjórnar og um það leyti hafi hann látið smíða járnhurð þá, sem enn sé fyrir skúrnum (1971). Hurðin hafi verið smíðuð í Hamri, sérstaklega með það fyrir augum að nota fyrir hús, þar sem dynamit væri geymt. Þegar hurðin hafi verið komin fyrir, kveðst Guðni hafa fengið lögreglumenn til að líta á þetta, og segir hann sig minna, að Sigurður Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hafi komið og hafi þeir samþykkt fyrir sitt leyti, að geyma mætti dynamit þarna. Guðni kveður flugmálastjórn löngu hafa hætt að nota skúrinn sem sprengiefnageymslu, en þegar Véltekni h/f hafi unnið við svokallað Fossvogsræsi, hafi forstjóri fyrirtækisins, Pétur Jónsson, komið til sín og beðið um að fá afnot af skúrnum til þess að geyma þar dynamit. Pétur hafi fengið lykil að skúrnum, og kveðst Guðni eftir það ekkert hafa haft með skúrinn að gera og ekkert hafi verið geymt þar á vegum flugmálastjórnar.

Pétur Jónsson segir m. a. í skýrslu sinni á dómsskj. nr. 3, að það hafi verið um 1963 eða 1964, þegar fyrirtæki hans, Véltekni h/f, hafi unnið við Fossvogsræsið, að hann hafi fengið leyfi Guðna Jónssonar, verkstjóra hjá flugmálastjórn, til að geyma sprengiefni í margumræddum skúr og þegar hann hafi tekið við skúrnum, hafi ekkert sprengiefni né annað verið í honum. Kveðst Pétur hafa látið flytja í hann dynamit og hvellhettur úr geymslu, sem hann hafi haft uppi við Rjúpnahæð, og kveðst hann ekki vita, hve mikið magn hafi verið sett í skúrinn. Pétur kveður þá ekki hafa notað skúrinn síðan árið 1965, og kveðst hann ekki vita, hve mikið þá hafi verið eftir í honum.

Eins og fram kemur í því, sem nú hefur verið rakið, hefur verkstjóri flugmálastjórnar afhent Véltekni h/f umræddan skúr til umráða og afnota sem sprengiefnageymslu á árinu 1963 eða 1964 og lyklavöld öll að honum, og ber verkstjóranum og forstjóra Véltekni h/f saman um, að þá hafi ekkert verið í honum, hvorki sprengiefni né annað.

Stefnandi telur embætti flugmálastjóra hafa verið eiganda umrædds skúrs eða hafa haft þau umráð hans, sem jafngiltu eignarhaldi. Líta verður svo á, að stefnda Véltekni h/f hafi borið að kanna, að geymslan fullnægði þeim skilyrðum, sem krafist er af viðkomandi yfirvöldum um varðveislu sprengiefna, þegar fyrirtækið fékk öll umráð hennar og afnot í því skyni. Auk þess verður að telja sérstaklega ámælisvert að skilja eftir sprengiefni í skúrnum eftirlitslaust í mörg ár að því er virðist, eins og

ráða má af skýrslu Péturs Jónssonar, forstjóra stefnda Véltaekni h/f.

Ber því stefndi Véltaekni h/f fébótaábyrgð á slysi því, sem mál þetta er risið af. Hins vegar þykja ekki næg efni til að fella fébótaábyrgð á stefnda ríkissjóð vegna embættis flugmálastjóra vegna eignarheimildarinnar einnar saman, og verður hann því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Þá þykja eigi heldur næg efni til sakarskiptingar í máli þessu, þar sem hér er um að ræða 9 ára dreng, sem sjálfur átti engan þátt í því að brjótast inn í sprengiefnageymsluna. Þykir þess því ekki verða krafist af honum á svo ungum aldri, að hann gerði sér fulla grein fyrir hættueiginleikum þeirra hluta, sem hann var með í höndunum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1. Örorkutjón	kr. 1.804.900
2. Þjáningar og lýti og röskun á stöðu og högum ..	— 400.000
3. Fyrirhöfn og útgjöld heimilis	— 50.000
	Kr. 2.254.900

Þá krefst stefnandi þess, að eftirtaldir liðir verði teknir með við ákvörðun málskostnaðar:

a) Læknisvottorð Tryggva Þorsteinssonar	kr. 2.000
b) Örorkumat Ólafs Jónssonar	— 3.500
c) Örorkutjónsútreikningur Bjarna Þórðarsonar	— 8.500
d) Örorkutjónsútreikningur Jóns E. Þorlákssonar	— 10.000
e) Örorkutjónsútreikningur Þóris Bergssonar	— 25.000
	Kr. 47.000

Um 1. og 2. kröfulið.

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku Þóris Björnssonar. Í álitserð læknisins segir m. a.:

„Ályktun: 11 ára gamall drengur, sem varð fyrir óhappaslysi fyrir 1½ ári, er sprengja sprakk í vinstri hendi hans með þeim afleiðingum, að hann missti um það bil 3/4 hluta fremstu kjúku þumalfingurs, næstum alla fremstu kjúku vísifingurs, alla fremstu kjúku og næstum alla miðkjúku löngutangar og allar 2 fremstu kjúkur baugfingurs. Drengurinn hlaut við sprenginguna auk nefndra handarskaða hrufslár á andlit, auk þess sár á vinstra auga og grunn sár hér og hvar um kviðarhol. Vegna

augnskaðans hefur drengurinn verið í meðferð hjá Guðmundi Björnssyni augnlækni, og telur hann, að ekki muni verða um varanlegan skaða á auga að ræða.

Þar sem öllum aðgerðum er lokið og engar líkur á frekari breytingum vegna slyss þessa, er tímabært að meta örorku, og telst hún hæfilega metin:

12% varanleg.“

Í málinu liggja frammi þrjár áætlanir um örorkutjón Þóris, þeirra Bjarna Þórðarsonar, dags. 10. júlí 1973, Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 18. mars 1977, og Þóris Bergssonar, dags. 26. júní 1977. Eru áætlanir þessar byggðar á ofangreindu örorkumati.

Í örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings segir m. a. svo:

„Framtíðartekjur Þóris áætla ég þannig: Á 15. og 16. aldursári geri ég ráð fyrir 15 vikna vinnu hvort ár á unglingataxta Dagsbrúnar miðað við dagvinnu auk orlofs. Á 22. aldursári reikna ég með 52 vikna vinnu á ári með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467½ eftirvinnustund á ári (10 stundir á viku í 46¾ vikur) með 8½% orlofi á 3. taxta Dagsbrúnar. Á 21. aldursári miða ég við 95% af framangreindum tekjum og síðan lækkandi um 5% hvert ár niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 28. aldursári miða ég við meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna 1971—1975, umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Hækkun tekna frá 22. til 28. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.

Tekjuáætlunin er sýnd hér á eftir svo og áætlað vinnutekjutap, 12% af vinnutekjum.

		Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað tekjutap
Á	15. aldursári	194.000	23.300
—	16. —	213.400	25.600
—	17. —	867.600	104.100
—	18. —	925.300	111.000
—	19. —	983.100	118.000
—	20. —	1.041.000	124.900
—	21. —	1.098.800	131.900
—	22. —	1.156.600	138.800
—	23. —	1.322.600	158.700
—	24. —	1.488.500	178.600
—	25. —	1.654.400	198.500

Á 26. aldursári	1.820.300	218.400
— 27. —	1.986.200	238.300
Síðan árlega	2.152.100	258.300

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Með 7% ársvöxtum kr. 1.804.900

Með 9% — kr. 1.253.800

Með 13% — kr. 656.300

Sé gert ráð fyrir sama tapi í iðgjaldshluta vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, reiknast mér höfuðstólsandvirði tekjutapsins hækka um

kr. 74.000 miðað við 7% vexti

— 51.400 miðað við 9% —

— 26.900 miðað við 13% —

Við útreikninginn hef ég notað dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.“

Í örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 26. júní 1977, en hann var síðast lagður fram, segir m. a., að hinn 22. júní sl. hafi verið undirritaðir kjarasamningar milli flestra aðildarféлага Alþýðusambands Íslands, þar á meðal allra verkamanna og flestra iðnaðarmanna. Samið hafi verið um mjög miklar hækkunar, sem komi í þrepum, síðasta hækkunin 1. sept. 1978. Einkum vegna þessara hækkana hafi verið óskað nýrra útreikninga. Auk þess noti þeir Bjarni Þórðarson, cand. act., og Jón Erlingur báðir dánarlíkutölur samkv. reynslu árána 1951—1960, en til séu töflur, gerðar eftir nýrri reynslu, þ. e. árána 1966—1970. Í þriðja lagi geri báðir fyrrgreindir tryggingafræðingar ráð fyrir meðaltekjum kvæntra verka-, iðnaðar- og sjómanna fyrst frá 28 ára aldri. Þetta sé gamall meðalaldur íslenskra brúðguma, sem kvænist í fyrsta sinni. Meðalaldur þessi sé nú lægri en 25 ár. Vegna alls þessa þurfi að reikna örorkutjón Þóris alveg að nýju. Síðar í áætlun sinni segir Þórir Bergsson orðrætt: „Aðferðir mínar við áætlun vinnutekna eru í meginatriðum þær sömu og Bjarna og Jóns Erlings. Ég mun þó gera fulla grein fyrir þeim hér.

Á 15. aldursári (sumarið 1976) geri ég ráð fyrir 15 vikna sumarvinnu á unglingataxta Dagsbrúnar, einnig á 16. aldursári, en nota þá næstlægsta taxa 15 ára unglinga frá 22. júní 1977, þar sem þá er farið að flokka unglingakaup niður í fimm taxa

eftir því, hvaða vinna er stunduð. Á 22. aldursári nota ég næstlægsta taxta Dagsbrúnar fyrir fulla dagvinnu og 10 eftirvinnustundir á viku í 46 vikur á ári. Orlof reiknast $8\frac{1}{3}\%$ á eftirvinnu. Á 21. aldursári nota ég 95% af þessu kaupi og lækka það um 5% fyrir hvert aldursár til þess 17. Tekið skal fram, að 17. aldursárið reiknast aðeins í 11 mánuði, þ. e. frá 1. júní 1978, en Þórir er fæddur 1. maí, og skyldunámi lýkur um mánaðamót maí/júní 1978. Frá 25 ára aldri nota ég umreiknaðar meðaltekjur kvænta verka-, iðnaðar- og sjómanna samkv. umreiknuðum úrtakstölum Framkvæmda- og Þjóðhagsstofnunar — meðaltal árána 1971—1975 — þó þannig, að sjómannatekjurnar ákvarðast sem meðalhundraðshluti af iðnaðarmannatekjum þessi ár. Hækkuninni frá 22. aldursári til 25 ára aldurs dreifi ég jafnt á árin þar á milli.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé 12% af áætluðum vinnutekjum:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
Á 15. aldursári (15 vikur)	kr. 194.000	kr. 23.280
— 16. — (15 vikur)	— 352.297	— 42.276
— 17. — (11 mán.)	— 1.133.010	— 135.961
— 18. —	— 1.318.411	— 158.209
— 19. —	— 1.400.812	— 168.097
— 20. —	— 1.483.213	— 177.986
— 21. —	— 1.565.613	— 187.874
— 22. —	— 1.648.014	— 197.762
— 23. —	— 2.024.990	— 242.999
— 24. —	— 2.401.767	— 288.212
— 25. —	— 2.778.644	— 333.431
Síðan árlega	— 3.155.520	— 378.662

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps hef ég notað tvær mismunandi forsendur um vexti.

Forsenda I:

Frá slysdagi til 16. maí 1973 eru notaðir 7% ársvextir, en síðan 9% til frambúðar.

Forsenda II:

Til 15. júlí 1974 eru notaðir sömu vextir og í forsendu I, en síðan 13% ársvextir.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Forsenda I: kr. 1.940.312.-

Forsenda II: kr. 1.082.412.-“

Loks bendir tryggingafræðingurinn á, að tapið, frá því tekjuöflun hefst aftur að slysdegi, hafi verið lækkað með samsettum vöxtum, þ. e. vöxtum og vaxtavöxtum. Enn fremur að ekki hafi verið athugað, hver sé eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta og að við útreikninginn hafi verið notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið 1 sem allt of háum og m. a. bent á, að taka beri tillit til þess hagræðis, sem því fylgi að fá bæturnar greiddar í einu lagi, svo og skattfrelsis bótanna. Bótakröfu vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum er einnig mótmælt sem of hárrí.

Rétt þykir, eins og á stendur, að ákveða bætur samkvæmt 1. og 2. kröfulið í einu lagi.

Í örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, dags. 17. maí 1973, segir m. a. svo um meiðsli Þóris Björnssonar:

„Slasaði var fluttur á Slysadeild Borgarspítalans, og var þar gert að sárunum, og er aðgerð nú að fullu lokið, en hann kom þangað alls 12 sinnum, og er talið, að sárin hafi verið nokkurn veginn vel gróin þann 22/1 1972. Endanlegt uppgjör á ástandi er gert þ. 20/3 1973, en þá var öllum aðgerðum lokið. Skaðar á fingrum eru sem hér segir: 3/4 hlutar fremsta kögguls þumalfingurs vantar, og er velgróið fyrir stúfinn. Nokkur hreyfing er í fremsta kjúkulið þumalfingurs, eða frá 180°—140°. Á vísifingur vantar næstum alla fremstu kjúku, örlítil flís eftir, sem hægt er að hreyfa sem svarar 10°. Vel gróið fyrir stúf. Á III. fingur vantar alla fremstu kjúku, en smáhluti er eftir af basal hluta miðkjúku, og er lítilsháttar hreyfing í þessari stuttu kjúku, sem þó mun vera algjörlega gagnslaus. Hreyfingar á basallið III. fingurs eru alveg eðlilegar og vel gróið fyrir stúf. Á baugfingur vantar 2 fremstu kjúkur, og er vel gróið fyrir stúfinn og hreyfingar í basallið eðlilegar.

Skoðun gerð af undirrituðum í dag er í fullu samræmi við það, sem fram kemur í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, og augljóst, að aðgerðum er að fullu lokið og ekki frekari breytinga að vænta, sem talist gætu afleiðingar af nefndu slysi.“

Í áverkavottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis segir auk þess,

sem að framan er rakið, að daginn eftir að gert hafði verið að sárum Þóris á slysadeild Borgarspítalans, hafi hann verið lagður inn á Landakotsspítala hjá dr. Guðmundi Björnssyni augnlækni, sem skorið hafi upp vinstra auga hans og fjarlægt úr því málmflís. Þá segir Tryggvi Þorsteinsson í sama vottorði, að hinn 20. mars 1973 hafi Þórir komið til skoðunar og hafi þá engir verkir eða aðrar kvartanir verið frá hendinni og sé styrkur furðu góður í henni og geti drengurinn gripið þéttingsfast um mjóa hluti, eins og t. d. blýant. Framhandleggur og hönd séu að öðru leyti alveg eðlileg og það sé engin vöðvarýrnun á framhandlegg eða fingurvöðvum og engar sýnilegar trophiskar breytingar. Sjón sé eðlileg á vinstra auga og sé ekki ástæða til að óttast neitt framtíðarmein.

Örorkumati læknisins hefur ekki verið hnekkt. Þegar sjúkrasaga Þóris og afleiðingar slyssins eru metnar og litið er til þess hagræðis, sem fylgir eingreiðslu bóta og skattfrelsi þeirra, og haft er í huga, að vextir hafa um skeið undanfarið verið 13% ársvextir, þykir hæfilegt að taka kröfuliði 1 og 2 til greina með kr. 1.050.000.

Um 3. kröfulið.

Þessi kröfuliður er af hálfu stefnanda studdur þeim rökum, að umrætt slys hafi verið mikið áfall fyrir foreldra Þóris, en auk þess hafi það haft í för með sér mikla fyrirhöfn og umönnun, sem á þeim hafi mætt allengi eftir slysið, t. d. hafi þurft að fara með drenginn margsinnis til lækniseftirlits.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem órökstuddum, en til vara allt of háum.

Ekki hefur stefnandi lagt fram neina reikninga fyrir beinum útgjöldum í þessu sambandi. Gegn mótmælum stefndu þykir krafan samkvæmt þessum lið ekki nægilega rökstudd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda í heild nema kr. 1.050.000, sem stefnda Véltaekni h/f ber að greiða honum með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber stefnda Véltaekni h/f að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 232.000, og er þá tekið tillit til framlagðra reikninga vegna útlagðs kostnaðar, sem áður eru upp taldir.

Málskostnaður að því er varðar stefnda ríkissjóð vegna embættis flugmálastjóra fellur niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður að því er hann varðar fellur niður.

Stefndi Vélækni h/f greiði stefnanda, Birni Stefánssyni f. h. ófjárráða sonar síns, Þóris Björnssonar, kr. 1.050.000 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 232.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. október 1979.

Nr. 4/1977. **Katrín Guðmundsdóttir**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Jóni Sigurðssyni
Magnúsi Kristinssyni
Vilhjálmí Árnasyni og
Guðrúnu Sigurðardóttur
(Haukur Jónsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ömerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með